



Vík, 15. janúar 2019

Fundargerð

242. fundar Fræðslunefndar Mýrdalshrepps.

Fundarstaður: Grunnskólinn í Vík

Fundartími: Miðvikudaginn 15. janúar 2019 kl. 16.00

Mættir: Undirritaðir aðal- og varamenn auk fulltrúa foreldra Salome Valdimarsdóttir. Skólastjórar skólanna auk áheyrnarfulltrúa starfsmanna: Kolbrún Hjörleifsdóttir og Dagný Rut Grétarsdóttir

Dagskrá:

Málefni til umfjöllunar.

1. Grunnskóli - almennt um stöðuna.

Elín fór yfir niðurstöður nemendakönnunar sem var gerð í 6. til 10. bekk. Elín óskar eftir því að settar verði upp öryggismyndavélar við anddyri skólans. Ræddi almennt um innra starf Grunnskólans.

2. Kynning á Íslandsmóti verk- og iðngreina ásamt framhaldskólakynningu sem fer fram í Laugardalshöll 14. til 16. mars nk.

Elín staðfesti að nemendur Víkurskóla færu á þennan viðburð

3. Tónskóli - almennt um stöðuna, skóladagatal.

Brian lagði fram yfirlit yfir þá viðburði sem tónlistarskólinn hefur tekið þátt í á árinu 2018. Brian óskar eftir að fá að kaupa læsanlegan skjalaskáp. Brian óskar einnig eftir fresti þar til um 1. mars nk. til að skila inn starfsáætlun tónskólans.

4. Leikskóli- Starfsáætlun Mánalands 2018/2019

Bergný ræddi almennt um starf leikskólans frá síðasta fundi. Útlit er fyrir að leikskólinn sé full mannaður en fyrirséð er að tveir starfsmenn eru að fara í 2 til 3 vikur á næstu mánuðum.

Bergný kynnti starfsáætlun leikskólans og en ný námskrá kemur ekki fyrr en næsta haust. Starfsáætluninni er ætlað að vera leiðbeinandi um skjal um starfsemi leikskólans veturinn 2018/2019. Bergný svaraði fyrirspurn varðandi tímasetningar foreldra viðtala að næstu viðtöl yrðu í febrúar.

Rætt var um þörf á skyndihjálparnámskeiði, sklikt námskeið var haldið í vor en margir nýir starfsmenn af komið til starfa síðan þá og þörf á að halda námskeið að nýju, Bergný er að undibúa námskeið. Bergný ræddi um að halda þyrfti bæði Kötluæfingu og eldvarnaræfingu á hverju ári. Bergný ræddi um að inngangur frá íþróttahúsi hefði truflandi áhrif á starf leikskólans

5. Kynning á heilsustefnu Mánalands.

Bergný fór yfir drög að heilsustefnu Mánalands.

6. Önnur mál.

Leikskólinn sótti um að taka þátt í verkefni sem heitir ytra mat á leikskólum. Leikskólinn Mánaland varð fyrir valinu. Markmið ytra mats er að leggja mat á starfsemi leikskólans með hliðsjón af gildandi lögum um leikskóla, reglugerðum og aðalnámskrá.

Bergný kynnti verkefni sem á vegum Skólalþjónustunnar sem heitir Snemmtæk íhlutun með áherslu á málþroska og læsi. Verkefnið tekur tvö ár og fer Bergný fram á að fá einn starfsdag á ári fyrir þetta verkefni.

Afgreiðslu máls frestað til næsta fundar.

Fundi slitið klukkan:18.00


Undirritaðir aðal og varamenn



Anna Huld Óskarsdóttir



Haukur Pálmason



Ingibjörg Lárusdóttir



Tris Mjöll Valdimarsdóttir



Pálmi Kristjánsson